



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

SEEDS kynnis spennandi verkefni í Torre Pallavacina á norður Ítalíu.

Hefur þú áhuga á að ferðast, hitta nýtt fólk og kynnst nýrri menningu á skemmtilegan hátt?

SEEDS mun senda 9 Íslendinga (8 þátttakendur og 1 hópstjóra) á aldrinum 18-25 ára til þátttöku í ungmennaskiptunum „**Young Farmers Point**” sem munu fara fram í bænum Torre Pallavacina á norður Ítalíu.

Hefur þú áhuga á að taka þátt?

Hvenær: 21. – 29. júní 2013.

Umsóknarfrestur: Til miðnættis mánudaginn 27. maí 2013.

Þema og markmið ungmennaskiptanna:

Þema þessara ungmennaskipti er landbúnaður og matvælaframleiðsla með sjálfbærni og ábyrga framleiðslu að leiðarljósi. Verkefnið er ætlað þeim sem hafa áhuga á nýsköpun og vöruþróun, sem og tæknilegum framförum, í landbúnaðar- og matvælaframleiðslu og vilja deila reynslu sinni og/eða læra af öðrum sem stefna að sömu markmiðum.

Þátttakendur munu kynna hvernig framleiðslu er háttað í sínum heimalöndum og eru hvattir til að koma með og kynna framleiðslu frá þeirra eigin heimahögum auk þess sem öll löndin munu bjóða upp á sýnishorn af sínum þjóðlegum mat. Á meðan verkefninu stendur munu þátttakendur m.a. heimsækja bændur á svæðinu, sérstaklega unga bændur sem vinna að nýsköpun á einn eða annan hátt, taka þátt í vinnustofu þar sem þeir munu prófa sig áfram í matvælaframleiðslu auk þess sem þeir munu hitta forsvarsmenn ýmsra samtaka á svæðinu sem vinna á þessum vettvangi. Einnig verður boðið upp á gönguferðir um svæðið.

Ungmennaskiptin munu fara fram á ensku og þátttakendur þurfa að hafa gott vald á talaðri ensku.

Þátttakendur munu gista á farfuglaheimilinu Molino di Basso sem staðsett er í garðinum Parco Oglío Nord í Torre Pallavacina. Torre Pallavacina er rúmlega 1.000 manna bær sem staðsettur er í Lombardy héraði Ítalíu. Bærinn er staðsettur um 50 km austur af Mílanó og 30 km suðaustur af Bergamo.

Upplýsingar um farfuglaheimilið og staðsetninguna er að finna á:

Heimasíðu Molina di Basso: <http://www.molinodibasso.it/>

Heimasíðu Parco Oglío Nord: <http://parcooglionord.it/>

Þáttökulönd auk Íslands: Ítalía, Ungverjaland og Rúmenía.

Fjöldi þátttakenda: 9 þátttakendur frá hverju landi á aldrinum 18-25 ára. Athugið að þátttakendur verða að hafa náð 18 ára aldri við upphaf ungmennaskiptana. Efri aldurstakmörk eru ekki eins ströng og möguleiki á að senda örlítið eldri þátttakendur heldur en 25 ára.



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

Skilyrði til þátttöku:

- Áhugi á að taka þátt í verkefnum þar sem stuðst er við óformlega kennsluhætti.
- Áhugi á nýsköpun og vöruþróun í landbúnaði og/eða matvælaframleiðslu með sjálfbærni og ábyrga framleiðslu að leiðarljósi
- Gott vald á talaðri ensku
- Áhugi á að deila reynslu sinni og lærdómi verkefnisins með SEEDS eftir heimkomu.
- Þátttakendur skuldbinda sig til að vera virkir þátttakendur í verkefninu frá upphafi þess til loka.

Kostnaður: SEEDS hefur hlotið styrk til þátttöku í verkefninu frá Youth in Action, ungmennaáæltun Evrópusambandsins. Þátttakendum mun því verða séð fyrir fæði og húsnæði á meðan á verkefninu stendur auk þess sem gjarnan er boðið upp á einhverskoanar skoðunarferðir um svæðið.

Þátttakendur munu að auki fá 70% af ferðakostnaði vegna ungmennaskiptanna endurgreiddan eftir heimkomu, þó að hámarki 500€ (Evrur) fyrir hvern þátttakanda, þegar öllum ferðagögnum hefur verið skilað til SEEDS og greiðsla hefur borist frá landskrifstofu Evrópusambandsins í því landi sem ferðast var til.

Þeir umsækjendur sem valdir verða til þátttöku greiða umsýslu- og staðfestingargjald SEEDS sem er 20.000 kr.. Þeir sem ekki verða valdir að þessu sinni greiða ekkert gjald.

Gjaldið fæst ekki endurgreitt, jafnvel þó þátttakandi þurfi að hætta við ferðina.

Umsóknareyðublað fyrir ungmennaskiptin er að finna á:

<http://www.seeds.is/files/SEEDS-umsoknarform.doc>

Áhugasamir eru beðnir um að fylla eyðublaðið út á ensku og senda það á outgoing@seeds.is fyrir 27. maí 2013. Hafið í huga að þegar okkur berast margar umsóknir skiptir innihald umsóknarinnar miklu máli við val á þátttakendum.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Unnur Silfá Eyfells, verkefnastjóri hjá SEEDS á netfanginu outgoing@seeds.is eða í síma 845 0766.
